

**Barna- og fjölskyldustofa  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík**

Reykjavík, 15. maí 2026  
Mál nr. F5/2026

Umboðsmanni hefur borist ábending um að mögulega hafi ekki legið fyrir vottorð um öryggisúttekt vegna viðbyggingar við húsnæði Stuðla að Fossaleyni í Reykjavík, að minnsta kosti ekki eftir að starfsemi neyðarvistunar hófst þar aftur eftir bruna sem þar varð haustið 2024.

Í 1. mgr. 3.8.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 segir að þegar mannvirki er tekið í notkun skuli gerð úttekt á öryggi þess og hollustuháttum í samræmi við ákvæði skoðunarhandbókar og skoðunarlista. Óheimilt sé að flytja inn í mannvirki eða taka það í notkun nema það uppfylli öryggis- og hollustukröfur laga um mannvirki og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og leyfisveitandi hafi gefið út vottorð um öryggisúttekt.

Með hliðsjón af framangreindu og svo umboðsmanni sé unnt að meta hvort tilefni sé til að skoða málið nánar á grundvelli frumkvæðisheimildar hennar, er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að veittar verði nánari upplýsingar um neðangreint.

- Óskað er eftir upplýsingum um hvort vottorð um öryggisúttekt liggja fyrir vegna viðbyggingar við húsnæði Stuðla að Fossaleyni þar sem starfsemi neyðarvistunar fer fram. Liggja slíkt vottorð fyrir er þess óskað að umboðsmanni verði afhent afrit af því. Ef slíkt vottorð liggur ekki fyrir er óskað upplýsinga um ástæður þess og hvort unnið sé að því að afla slíks vottorðs og þá hvenær þess sé að vænta.
- Liggja ekki fyrir vottorð um öryggisúttekt þá er óskað upplýsinga um hvernig það sé talið samrýmast skyldum Barna- og fjölskyldustofu, sem fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk samkvæmt XIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 79. gr. og e.-lið 2. mgr. 7. gr. laganna, að vista börn sem eru svipt frelsi sínu í húsnæði sem mögulega uppfyllir ekki öryggis- og hollustukröfur laga og reglugerða um mannvirki og kann þannig að hafa verið óheimilt að hafa í notkun samkvæmt framangreindu.

Þess er óskað að svör Barna- og fjölskyldustofu berist eigi síðar en 29. maí nk.

Virðingarfyllt,  
f.h. umboðsmanns Alþingis



Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri frumkvæðismála og OPCAT